

HREINSISTÖÐ VIÐ ÆGISGÖTU



Deiliskipulagstillaga mkv. 1:1000

Skólphreinsistöð Reykjanesbæ.

Afmörkuð er 6902 m² lóð fyrir skólphreinsistöð á deiliskipulagssvæðinu. Hreinsistöðin verður staðsett á grjótfyllingu út við ströndina neðan Ægisgötu á svæði á mótis við hús nr. 27-33 við Hafnargötu. Svæðið sem unnið er með er allt á fyllingu og því mangert á síðari árum. Í aðalskipulagi Reykjanesbæjar er gert ráð fyrir byggingu skólphreinsistöðvar á þessum stað. Stöðin mun geta afkastað 750 l/s eða allt að 20.000 persónueiningum. Skólpið er hreinsað með eins þreps hreinsun. Auk byggingar hreinsistöðvar verður lögð 1000 metra löng útrás á 28 m dýpi eftir sjávarbotninum sem og stofnlagnir fráveitu að stöðinni frá norðri. Föstum úrgangi er safnað í lokaða sekk og fargað með brennslu eða öðrum viðurkenndum aðferðum.

Heimilt er að byggja á lóðinni skólphreinsistöð, tveir hæðir að hluta auk bróar, allt að 900m² að stærð með útsýnispalli og er hæsta hæð byggingar frá jörðu er 6 m. Hámarkshæð hæð tæknibúnaðar er 8 m yfir jörðu. Við hönnun byggingarinnar hefur verið lögð áhersla á að fella skólphreinsistöðina inn í núverandi landslag og gera svæðið áhugavert. Hægt verður að ganga upp á hreinsistöðina og á þaki hennar verður útsýnis- og áfangastaður á gönguleiðinni meðfram Ægisgötu. Mannvirki verður tengt núverandi stígakerfi og hugsað sem áningarstaður með útsýnispalli. Byggingarreitur er rúmur til að rúma möguleika á stækkun. Skólphreinsistöð skal búið viðeigandi mengunarmarubúnaði og hávaði skal ekki fara yfir leyfileg gildi fyrir íbúðarbyggð. Lýsa skal alla stiga til að tryggja öruggt aðgengi fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur. Við lýsingarhönnun skal draga úr ljósmengun eftir nætti. Lýsingin skal vera gljúglausa. Byggingarreitur skólphreinsistöðvar er í um +4,5 m hæð. Við uppbyggingu á lóðinni skal sérstaklega hugað að hættu vegna sjávarflóða og er það á ábyrgð lóðarhafa að gera viðeigandi ráðstafanir til að draga úr tjóni vegna þeirra. Lóð skólphreinsistöðvar er skilgreind sem iðnaðarlóð.

Tilgangur framkvæmdarinnar er að tryggja að skólpi frá sveitarfélaginu verði hreinsað í samræmi lög og reglur þannig að skólpmengun verði innan viðmiðunarmarka.

Starfsemin er starfsleyfisskyld og sækja þarf um starfsleyfi til heilbrigðisettirlits Suðurnesja, í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarmarknaettirlit.

Gefin verða út mæli- og hæðarblöð. Mæliblöð sýna nákvæmar stærðir lóða, lóðarmörk, byggingarlínur og byggingarreit húss, fjölda bílastæða og kvaðir á lóð ef einhverjar eru. Hæðarblöð sýna hæð húss og hæðir á lóðarmörkum.

Áhrif uppbyggingar á skólperfið og heild.

Hreinsistöðin mun taka við skólpi frá byggðinni í Keflavík, iðnaðarhverfinu í Helguvík og fyrirhuguðu nýju hverfi Ásbrú Norður, en skólpi frá þessum hverfum er nú í dag leitt óhreinsað til sjávar. Frá skólphreinsistöðinni verður hreinsað skólpi leitt með útrás um 1000 m út fyrir strandlengjuna.

Hreinsistöðin mun vera með dælugetu allt að 2000 l/s.


Mengunarmarubúnaður

Þar sem stöðin er staðsett í umhverfi sem er viðkvæmt fyrir lyktarmengun er gert ráð fyrir búnaði sem að fjarlægir lykt frá útkasti loftræsikerfisins. Til að lágmarka lyktarmengun er gert ráð fyrir vatnsskældum dælum þannig að útsög frá dælurými geti verið sem minnst. Þá er einnig gert ráð fyrir ósonkerfi í loftræsistokk til að takmarka lykt í útkastofnu sem gæti borist að byggð.


Eins er gerð krafa um að ekki berist hljóðmengun frá stöðinni.



Skýringarmynd mkv. 1:2000



Kennisnið mkv. 1:500



Hluti af Aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2015-2030

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði

41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í

_____ þann _____ 20__ og

í _____ þann _____ 20__.

Tillagan var auglýst frá _____ 20__ með athugasemdafresti til

_____ 20__.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðnda

þann _____ 20__.

SKÝRINGAR

--- Skipulagsmörk

□ Lóðarmörk

■ Byggingarreitur

■ Byggingarreitur tæknibúnaðar

□ Gata

□ Gangstétt

■ Núverandi aðlægar byggingar

□ Opíð svæði á bæjarlandi

□ Lóðastærð

□ 6.902

útg. dags. skýring teiknað

ARKÍS
arkitektar

Kleppsvægi 152 104 Reykjavík
kf 531107-0550 S: 511 2060
www.ark.is arkis@ark.is

SKÓLPHEINSISTÖÐ -REYKJANESBÆ

Verkhellf:	DEILISKIPULAGSTILLAGA
Sveitarfélag:	REYKJANESBÆR
Staðgreinir:	-
Landnúmer:	-
Verknúmer:	19-020
Hannað / teiknað:	AS/EE Mælikvæði: 1:1000
Yfirfarið / samþykkt:	AS Dagsetning: 02.06.2020

DEILISKIPULAGSUPPRÁTTUR

(90)-1.01 -
teikning breyting
DEILISKIPULAG